

NÚR

Hafnarpóstur

VÍSINDIN

ÞEÐ BETUR AÐ ER GÁÐ
ÆTLÁ ÉG MEGI SANNAST
(AÐ) VÍSINDIN EFLA ENGA DÁÐ
ÆTTUÐUÍ AÐ BANNAST

MENNTUN

LÁS ÉG MÉR TIL MENNTUNAR
MARGAN ÞÓÐRANT UÆNAN
EN LÆRDÓMSRÍKUST LESNINGVAR
LITLA GULA HANAN

SÖKNUÐUR

(A) AKUREYRI ER UM ÞAÐ BÍL
EKKI NEINS AÐ SAKNA
JÚ!! - ÞAR ER ~~GA~~ FAGURT ÞANGAÐTÍL
ÞORPS BÚARNIR UAKNA.

SÖNGFUGLAKLIÐUR (Stef. FRÁ MÖÐRUDAL)

SÖNGFUGLAKLIÐUR, SÖNGFUGLAMERGD
(FLAUT) ♩: ♩: ♩.

ALLTAFERUFRÆNKUR MÍNAR

SÍÐBÚNAR OG SEINT Á FERÐ

(FLAUT) ♩: 4/4 ♩: 1. ♩.

JÁ, GÓÐI MINN.

EG MUNDI SEGJA ÉF ÞU MUNDIR SEGJA
AÐ SEÐ EHA AÐALAD
ÞA MUNDI EG SEGJA: "ÞAÐ ER SEM EHA AÐ SEGJA"
JÁ ÉG MUNDI SEGJA ÞAÐ!!!

TIOS
BLESS

FRA' RITSTJÖRN

Gleðilegt ár og þökk fyrir hið liðna. Sérstaklega viljum við þakka öllum þeim, sem sent hafa okkur inn efni og tekið til hendinni við að hressa upp á blaðið á liðnu ári.

Eins og ýjað hefur verið að nokkrum sinnum eru fjármál blaðsins öll í ölestri og horfir til vandræða ef hinn almenni félagsmaður og lesandi vaknar ekki af þyrnirósardvalanum og leggur sitt af mörkum. Annað hvort með vinnu eða hreinlega með því að kasta nokkrum krónum í kassann. Við sem erum í ritstjórn erum orðin ansi rútineruð í að skrifa afsökunarbréf til lánardrottna og betlibréf til þeirra sem hugsanlega vilja auglýsa í blaðinu og þannig stuðla að gagnkvæmum hagsmunum. En nú ætlum við að fara nýjar leiðir og halda hafið blaðinu einu til heiðurs og bjóða hinum þögla lesendaskara til veislu. Veislu sem höfð verður í minnum um langan veg, fyrir frumlegheit nytsemi, gleði og ekki minnst arðsemi. Því það sem gerir þessa veislu alveg einstaka er einmitt að henni er ætlað að blása lífi í blað okkar allra, bæði andlega og fjárhagslega.

Veislu þessa gjöra skal þann 15.febrúar og skarpir lesendur eru kannski farnir að geta sér til að um er að ræða stuðningsveislu þar sem allir viðstaddir verða virktir og sveiflað inn í atburðarásina. Svuntan verður falið fyrir Beggu og Jónshús lagt undir villt geim frá morgni til kvílds. Hinir ýmsu listamenn ætla að skemmta með söng, upplestri og uppákomum. Tinnig verður haldin tombóla þar sem hægt er að eignast eigur náungans, sem eru honum ekki lengur til neinnna nota. Þar verða á boðstólum termingarjakkar, gamlar hjólapumpur með langa heimildarsögu á bakinu, ýmsir nytjahlutir til eldhússtarfa og bækur svo aðeins sé minnst á brot af þeim fjölmörgu eigulegu munum sem hægt er að fá í búið þann 15.febrúar. Presturinn stjórnaðar bangó fyrir alla fjölskylduna og brennivínstaska er í verðlaun.

Hápunktur dagsskrárinnar verður kókukeppni - sem við höfum nefnt Hnallþórurimmuna. Hnallþórurimman felst í því að skopunargátan er leidd frá öllum sem unna heimilisstörfum og kunna að baka kökur inn í Jónshús. Útrúlega margir úti um borg og bæ kunna að baka alveg frábærar kökur. Þetta sést t.d. mjög vel þegar mætt er í saumaklúbb, sest fyrir framan kassann og horft á fótbolta með tipsköku eða farið í fermingarveislu. Hvers vegna ekki að gera góða keppni úr þessari kúnst. Það er hvort sem verið að keppa í svo margri vitleysu nú til dags meðal annars er keppt í því að henda dvergum. Já, ma ég nú heldur biðja um eina ærlega Hnallþórurimmu. Mætið með meistaraverk bókunarlistarinnar þann 15.febrúar og leiðið saman hesta ykkar. Öll efni eru leyfileg, rjómi, matarlitur, krem af öllum gerðum o.s.frv.

Veislan hefst stundvislega kl.14 og er þá meiningin að allir geti skemmt sér, börn, eldra fólk, uppar, nippar og allt þar á milli. Hörður Torfason treður upp. Haldin verður hæfileika- og brandarakeppni. Þegar liða fer á kvöldmat verður boðið upp á ýmis konar snarl og pönnukukur í fánalitunum.

Um kvöldið verður svo skvett úr klaufunum og æskilegt að viðstaddir séu ungir á öllum aldri. Rúnar Guðbrandsson sem þekktur er fyrir leik og leikstjórn verður með leiklistarverkstæði fyrir börnin.

Ef þið lúmið á góðum hugmyndum er enn möguleiki á því að koma þeim á framtæri og sjá hina villtustu drauma rætast. Því allt verður leyfilegt þann 15.febrúar.

Hljómplötur þar sem auglýstar hafa verið verða til sölu í síðasta sinn þennan dag. Eins verður nýtt blað Gulla til sölu.

Hinar fjölmörgu stjórnir í Jónshúsi munu túslega taka á móti öllum góðhjörtuðum sálum sem vilja leggja sitt af mörkum til að gera þessa veislu sem allra allra best úr garði. Því hvar á það betur við, en einmitt á slóðum Fjölnismanna að styrkja útgáfu íslenskra tímarita.

Hvar er hægt að komast í eins náð samband við lystisemdir andans og hvar er margbreytni mannanna jafn mikil og í Jónshúsi þann 15.febrúar.

Lítið heil.

Íslendingafélagið
(01) 14 60 35
Símatími: Miðvikudaga kl.18-20

F.Í.N.K.
(01) 14 60 35
Símatími: Miðvikudaga kl.18-20

S.Í.D.S.
(01) 14 60 35
Símatími: Mánudaga kl.18-20
Fimmtudaga kl.16-19

Nýr Hafnarpóstur
(01) 14 60 35
Símatími: Miðvikudaga kl.18-20

Jónshús-Íslandsk Kulturhus
Østervoldgade 12
1350 København K

Veitingastofan:
(01) 13 79 97
Opin alla virka daga kl.17-22
LOKUD ÞRIÐJUDAGA
OPÍÐ laugardaga kl.14-22
OPÍÐ sunnudaga kl.14-20

Sr.Ágúst Sigurðsson:
(01) 14 56 30

Bókasafn:
OPÍÐ SUNNUGAGA kl.16-18
Íslenska sendiráðið:
Dantes Plads 3
1556 København V
Símar: (01) 15 96 04
(01) 15 96 75
OPÍÐ VIRKA DAGA KL.9.30-16.

Foreningen Norden:
Malmögade 3
2100 København Ø
Sími: (01) 42 63 25

Dansk-Íslandsk Samfund
Lundtoftevej 5
2800 Lyngby
Sími: (02) 88 25 11

ÚTGEFENDUR: Íslendingafélagið og
Félag íslenskra námsmanna í Kaupmannahöfn.

NYR HAFNARPÓSTUR er prentaður í 1200 eintökum hjá
Eks-Skolens Trykkeri, Nørrebrogade 5C, 2200 N

RIITSTJÖRN: Erla Sigurðardóttir, Ingibjörg Rán
Guðmundsdóttir, Jens Ormslev, Lásus S. Ágústsson,
Kolbrún Þóra Oddsdóttir, Sigrún Björnsdóttir &
Tryggvi Guðmundsson.

UMSJON BARNASÍÐU: Bergþóra S.Kristjánsdóttir
& Sigríður Sigurjónsdóttir.

ÚTLIT. Ingibjörg Rán Guðmundsdóttir
& Kolbrún Þóra Oddsdóttir.

SKILAFRESTUR Í NÆSTA BLAD ER 8.FEBRÚAR 1986.

..Okkar à milli..

Hvers vegna erum við í félagi íslenskra í Kaupmannahöfn? Sumir vilja meina að það sé vegna flugferðanna til Íslands, og ef svo er, þá er það líka allt í lagi. En þegar hugsað er til þess að upbb. þúsund manns eru skráðir í þessi tvö félög er næstum óskiljanlegt að svo mörgum skuli vera svo innilega sama um aðra hagsmuni félagsmanna.

Vissulega sækir fólk skemmtanir sem haldnar eru oft á hverju ári, oftast en ekki með tapi. En annars skrifður fólk ekki fram úr fylgsnum sínum nema til þess að setja kross á flugþöntunarseðilinn. Stjórnir félaganna vinna skrifstofustörfin og þurfa meira eða minna að móta stefnur félaganna. Og það er um að ræða stefnur, þótt oft virðist þær dulrænar. Slíkt var augljósara því fólk sem hér var við nám á sl. áratug, fólk sem sifellt mat hluti út frá stéttaskiptingu og þeirri trú að allt væri pólitík. Á þeim árum voru FÍNK og Íslendingafélagið eins og rauði og hvítí herinn og ekki kom til mála að hefja samvinnu þar á milli. Breyting hefur orðið þar á. Hafa námsmenn gleymt mikilvægi sínu?

A aðalfundum félaganna í haust komu upp mál, sem sjálfsagt hefði verið að fólk skipti sér meira af. Meðal þeirra var endurskipulagning sameiginlegs blaðs félaganna, sem nú heitir Nýr Hafnarþóstur, áður Þórhildur. Kostnaður hefur verið of hár og vinna við uppfærslu og setningu hefur því færst mikli inn í Jónshús þar sem hún er gerð kauplaust.

Samtímis hefur Íslendingafélagið boðað að það muni leggja minni pening í blaðið en áður, með öðrum orðum 40% af félagsgjöldum. Fjármögnun blaðsins hefði þurft miklu meiri umræðu og væri æskilegt að fleiri en liðsmenn ritstjórnar hefðu blandað sér í það mál. Persónulega álit ég blaðsútgáfuna mikilvægasta starf félaganna, þar sem það nær út til allra félagsmanna, er tengiliður þeirra á milli og er öllum opið. Nú er svo komið að vafasamt er hvort útgáfu blaðsins verði haldið áfram. Mikil vinna hefur verið lögð í auglýsingasöfnun, en bæði er það tímafrekt og eins minnkar hver auglýsing pláss fyrir annað lesefni. Auglýsingar hljóta að vera neyðarúrræði. Vissulega mætti sækja um einhverja styrki, en hver á að gera það? Hvað segir hinn almenni félagsmaður? Vill hann fá blaðið sitt áfram?

Auk blaðamálsins voru umræður um kaup á bókum. Lögð var fram tillaga um kaup á bæði námsbókum og skáldsögum fyrir 80% af arði Íslendingafélagsins frá SÍDS. Einn fundarmanna benti á að kannski væru kennslubókakaup frekar hlutverk íslenskra skólayfirvalda en félags í Kaupmannahöfn. Enn vantaði fleiri félagsmenn til að dýpka þá umræðu.

Enn eitt málið eru tölvukaup Námsmannarélagsins. Þar eru félögin ósammála um nauðsyn tölvu og á skritandi stundu er það mál óútkljáð. Hvað hefur hinn almenni félagsmaður að segja í því sambandi?



Öll þessi mál og mörg önnur ræða stjórnirnar sín á milli þess. Þegar tími getst á milli þess sem reiddað er húsnæði fyrir einhverja skemmtun, send eru út girókort, bökuð eru laubabrauð o.s.frv.

Öll þessi mál hata langtímaáhrif. Eins og minnst var á í 17.júniræðu í fyrra, hvílir á okkur viss ábyrgð gagnvart komandi kynslóðum. En um leið gagnvart okkur sjálfum. Viljum við nýta tímann áður en við steypum okkur á bólakaf í íslenska lífsbaráttu og hafa td. umræðu í blaðinu um mál sem snerta okkur á líðandi stund; dönsk þjóðmál, námsmannapólitik, lífsskjör heima og að heiman svo eitthvað sé nefnt.

Nú vesalings börnin sem greinilega eru hornreka - eiga þau að fá íslenskar námsbækur? Mun það ríða íslenska ríkinu endanlega að fullu ef tekið væri upp á að senda nokkur eintök af íslenskum námsbókum hingað út fyrir utan þær tugþúsundir sem dreift er ókeypis um allt Ísland. Eða á Íslendingafélagið í Kaupmannahöfn að vera privat hjálparstofnun fyrir íslensk börn í neyð?

Nú hefur verið ákveðið í besta hjálparstofnanastíl að etna til stuðningshátíðar fyrir blaðið þann 15.febrúar. Sjá nánar annars staðar í blaðinu.

Á að tefla bókum á móti blaði og rífast um hvort sé mikilvægara? Eða ýta á íslenska pólitíkusa sem hingað til hafa aðeins séð í okkur föðurlandssvikara og dauð atkvæði. (Hvernig fór annars með kosningaréttinn?)

Er okkur best borgið fyrir framan kassann í "de smaa hjem" með fána einstaklingshyggjunnar í fulla stöng? Eða eigum við að líta á okkur sem (nokkuð dreifðan) kardemommubæ þar sem okkur tekst að greiða úr litlum vandamálum sem stórum með sögu Jónasar, Jóns og annarra að baki?

Eða eigum við bara að fylla raðir þeirra sem alltaf skammast og gera ekki rass?

ES


Íslenskt lambakjöt

NB! LUKKET HVER TIRSDAG...

*Skal bestilles dagen før

VIGERSLEV KØDFORSYNING

Vigerslevvej 150 - Valby - Tlf. 01 - 17 80 66



Hangikjöt m/beini	69,95	Londonlamb	69,90
Úrbeinað hangikjöt	90,00	Nýru	33,30
Reykt slög	39,90	Hjörtu	27,00
Læri	125,00	Lifur	21,00
Lambaskrokkar í heilu og hálfu	33,30	Hráar rúllupylsur	33,30

BUS 37 TIL TIL TOFTEGÅRDS PLADS OG BUS 21 TIL OKKAR

!VELKOMIN!

BEINT A MÓTI SLÁTRARANUM ER HÁRGREIÐSLUSTOFAN:



GERDIA



BUS 21 OG 22 LIGE VED DØREN

ÍSLENDINGAFÉLAG



NÁMSGAGNASTÖR

Kulturhus
att. Nýr Hafnarpóstur
Østervoldgade 12
1350 Kbh.Ø
Danmark

Forseti Íslands og forsætisráðherra lögðu báðir / bæði út af því í áramótaávarpum sínum, að nú væru miklir umbrotatímar. Sá síðarnefndi hóf reyndar ávarp sitt með því að vitna í ársгамalt ávarp, þar sem hann hafði spáð því að 1985 yrði viðburða- og örlagaríkt, bæði á erlendum og innlendum vettvangi. Hann gat þess ekki hvort spáin hefði verið byggð á úttekt tölvu eða völvu. Forsetinn kvað tæknina eiga sinn þátt í að Íslendingar hafa aldrei lifað slíka umbrotatíma og nú. Sjálf náttúran hefði verið leyst af hólmi af tækninni. En ef ráða má af orðum forsetans, þá getur tæknin orðið til ómældrar farsældar ef rétt er á haldið. Þessi orð forsetans hafa sjálfsagt á sumarmálum borist námsmannafélagsmönnum. Í það minnsta hóf tæknin fyrir alvöru innreið sína í Jónshús, er námsmannafélagið festi eigur sínar, og gott betur í tölvu. Við í stjórn Íslandingafélagsins getum látið okkur orð úr áramótaávarpi forsetans að kenningu verða, en þar segir: "Unglingur með tölvu sína á okkar dögum er ekki með skelfilegra tæki í höndunum en jafnaldri hans snemma á þessari öld með símann eða nýjungagjarn bóndi á sinni tíð með sláttuvél."

Í stjórn Íslandingafélagsins þurfum við ekki að bregðast við tækninni í Jónshúsi eins og forsætisráðherra bregst við þjóð sinni, sem að hans mati, "fer of geyst og óvarlega "spennir bogann of hátt" og "hefur enn ekki lært að ekki verður bæði haldið og sleppt." Tölvan er komin til að vera og þegar forystumenn þjóðarinnar kveða jafn fast að orði um umbrotatíma, þýðir víst lítið fyrir okkur í stjórn Íslandingafélagsins að vona að hér sé um tímabundið ástand að ræða. Hér verðum við að viðurkenna að tæknin leiðir til varanlegra breytinga, það gerir forsætisráðherra líka. Hann segir: "Ég skil það reyndar vel, að mörgum líki verr hinir breyttu tímar. Sjálfur sakna ég margs, sem horfið er. Slík hugsun er þó til lítills."

Fyrsti dagur ársins er afmælisdagur framtíðarinnar, segir forsetinn og bætir við að vonin sé hin mesta gersemi í allri framtíð. Á þessum umbrotatímum gæti ein sameiginleg framtíðarvon verið varðveizla íslenzkrar tungu. Það er þó spurning hvort það verði best gert með tölvu. Í það minnsta eiga tölvur mjög í þrengslum með að tjá sig á íslensku. Að sögn forsetans hefur aldrei fyrr reynt sem nú á þanþól tungumálsins, á hæfni þess til endurnýjunar. Bjartsýni gætir þó hjá forseta, þegar fjallað er um þjóðaríprótt Íslendinga; orðasmíð og nýjunar í máli. Miklar vonir eru bundnir við að nýja tölvun geri íslenskum Hafnarbúum eða flatlendisuppum það auðveldara að stunda áður nefnda þjóðaríprótt. Á nýbyrjuðu friðarári er það von stjórnarinnar að öll samskipti í Jónshúsi á nýbyrjuðu ári einkennist af "menningarlegum átökum við verðug viðfangsefni" eins og það mundi heita á áramótaávarpamáli.

Gleðilegt nýár.

Fyrir hönd stjórnar Íslandingafélagsins,

Bergþóra.



KONUKVÖLD Í JÓNSHÚSI ÞRIÐJUDAGINN 11. FEBRÚAR 1986

Gerður G. Óskarsdóttir æfingastjóri í uppeldis- og kennslufræðum, Háskóla Íslands.

KONUR - SKÓLINN - ATVINNULÍFIÐ.

Kemur staða kvenna í atvinnulífinu skólanum við?

Mun lakari staða kvenna en karla í atvinnulífinu er nú almennt viðurkennd sem staðreynd í þjóðfélaginu, en menn eru ekki á einu máli um orsakirnar eða hvort hér sé um málefni að ræða sem opinberlega þurfi að taka á.

Gerður mun fjalla um hugsanlegan hlut og ábyrgð skólans í þessum efnum. Gerir skólinn t.d. eitthvað til þess að mæta þessum veruleika, þórir hann að standa frammi fyrir honum eða ber honum að gera það? Getur e.t.v. verið að skólinn beri sína ábyrgð á þeim staðreyndum sem við blasa? Hvaða möguleika hefur skólinn í því að hafa áhrif til breytinga eða styrkja stúlkur til þess að rétta hlut sinn?

ÍSLENDINGAFÉLAG



NÁMSGAGNASTOFN

Kulturhus
att. Nýr Hafnarpóstur
Østervoldgade 12
1350 Kbh.Ø
Danmark


Forseti Íslands og forsætisráðherra lögðu báðir / bæði út af því í áramótaávarpum sínum, að nú væru miklir umbrotatímar. Sá síðarnefndi hóf reyndar ávarp sitt með því að vitna í ársgeimlaga ávarp, þar sem hann hafði spáð því að 1985 yrði viðburða- og örlagaríkt, bæði á erlendum og innlendum vettvangi. Hann gat þess ekki hvort spáin hefði verið byggð á úttekt tölvu eða völvu. Forsetinn kvað tæknina eiga sinn þátt í að Íslendingar hafa aldrei lifað slíka umbrotatíma og nú. Sjálf náttúran hefði verið leyst af hólmi af tækninni. En ef ráða má af orðum forsetans, þá getur tæknin orðið til ómældrar farsældar ef rétt er á haldið. Þessi orð forsetans hafa sjálfsagt á sumarmálum borist námsmannafélagsmönnum. Í það minnsta hóf tæknin fyrir alvöru innreið sína í Jónshús, er námsmannafélagið festi eigur sínar, og gott betur í tölvu. Við í stjórn Íslendingafélagsins getum látið okkur orð úr áramótaávarpi forsetans að kenningu verða, en þar segir: "Unglingur með tölvu sína á okkar dögum er ekki með skelfilegra tæki í höndunum en jafnaldri hans snemma á þessari öld með símann eða nýjungagjarn bóndi á sinni tíð með sláttuvél."

Í stjórn Íslendingafélagsins þurfum við ekki að bregðast við tækninni í Jónshúsi eins og forsætisráðherra bregst við þjóð sinni, sem að hans mati, fer of geyst og óvarlega "spennir bogann of hátt" og "hefur enn ekki lært að ekki verður bæði haldið og sleppt." Tölvan er komin til að vera og þegar forystumenn þjóðarinnar kveða jafn fast að orði um umbrotatíma, þýðir víst lítið fyrir okkur í stjórn Íslendingafélagsins að vona að hér sé um tímabundið ástand að ræða. Hér verðum við að viðurkenna að tæknin leiðir til varanlegra breytinga, það gerir forsætisráðherra líka. Hann segir: "Ég skil það reyndar vel, að mörgum líki verr hinir breyttu tímar. Sjálfur sakna ég margs, sem horfið er. Slík hugsun er þó til lítills."

Fyrsti dagur ársins er afmælisdagur framtíðarinnar, segir forsetinn og bætir við að vonin sé hin mesta gersemi í allri framtíð. Á þessum umbrotatímum gæti ein sameiginleg framtíðarvon verið varðveizla íslenzkrar tungu. Það er þó spurning hvort það verði best gert með tölvu. Í það minnsta eiga tölvur mjög í þrengslum með að tjá sig á íslensku. Að sögn forsetans hefur aldrei fyrr reynt sem nú á þanþól tungumálsins, á hæfni þess til endurnýjunar. Bjartsýni gætir þó hjá forseta, þegar fjallað er um þjóðaríþrótt Íslendinga; orðasmíð og nýjunar í máli. Miklar vonir eru bundnir við að nýja tölvan geri íslenskum Hafnarbúum eða flatlendisuppum það auðveldara að stunda áður nefnda þjóðaríþrótt. Á nýbyrjuðu friðarári er það von stjórnarinnar að öll samskipti í Jónshúsi á nýbyrjuðu ári einkennist af "menningarlegum átökum við verðug viðfangsefni" eins og það mundi heita á áramótaávarpamáli.

Gleðilegt nýár.

Fyrir hönd stjórnar Íslendingafélagsins,
Bergþóra.



KONUKVÖLD Í JÓNSHÚSI ÞRIÐJUDAGINN 11. FEBRÚAR 1986

Gerður G. Óskarsdóttir æfingastjóri í uppeldis- og kennslufræðum, Háskóla Íslands.

KONUR - SKÓLINN - ATVINNULÍFID.

Kemur staða kvenna í atvinnulífinu skólanum við?

Mun lakari staða kvenna en karla í atvinnulífinu er nú almennt viðurkennd sem staðreynd í þjóðfélaginu, en menn eru ekki á einu máli um orsakirnar eða hvort hér sé um málefni að ræða sem opinberlega þurfi að taka á.

Gerður mun fjalla um hugsanlegan hlut og ábyrgð skólans í þessum efnum. Gerir skólinn t.d. eitthvað til þess að mæta þessum veruleika, þorir hann að standa frammi fyrir honum eða ber honum að gera það? Getur e.t.v. verið að skólinn beri sína ábyrgð á þeim staðreyndum sem við blasa? Hvaða möguleika hefur skólinn í því að hafa áhrif til breytinga eða styrkja stúlkur til þess að rétta hlut sinn?

Búslóðin heil í höfn

Þegar okkur er trúað fyrir stóru eða smáu innbúi til flutnings milli landa vitum við að góð ráðgjöf og vandvirkni í vinnubrögðum skiptir öllu máli.

Bækurnar, gamli stóllinn, fallega afmælisgjöfin, orgelið. . . allt á sína sögu og er eigandanum ómetanlegt.

Við leggjum því mikla áherslu á **öruggan** og **auðveldan** búslóðaflutning með

- hentugum gámum
- sérhönnuðum búslóðakössum fyrir viðkvæma vöru
- jöfnu flutningsgjaldi til helstu hafna landsins
- víðtækri heimsendingarþjónustu


en fyrst og fremst með **góðum ráðum** og **réttum handtökum**.

**Hafið samband við næsta umboðsmann
og leitið frekari upplýsinga.**


Flutningur er okkar fag

EIMSKIP

Sími 27100



0683-E2



NÀMSMANNAFÉLAG

NÁMSLÁNANIDURSKURÐUR !

Ágæti námsmaður!

Þá er komið að því að herða ólína. Lánaskerðingin er staðreynd. Hve mikil er ekki vitað að sinni, en vonast er til að 33,3% verði látni nægja á þessu ári. 33,3% er það sem vantar til að fjárförf lánasjóðs sé fullnægt á árinu og ljóst er að viðbótarfé fæst ekki að sinni. Það er augljóst að þessi lánaskerðing kemur illa við námsmenn. Margir búa þegar við knappan fjárhag og ljóst er að margir verða að hætta námi til að afla sér og sínum lífsviðurværis. Fleiri verða fyrir töfum af sömu sökum.

SÍNE hefur þegar gripið til gagnaðgerða á Íslandi. Þann 8. janúar afhenti Björn Rúnar Guðmundsson formaður SÍNE Knúti Hallssyni ráðuneytisstjóra í menntamálaráðuneytinu ályktun námsmanna erlendis til Sverris Hermannssonar menntamálaráðherra. Þar var mótmælt þeirri reglugerð sem menntamálaráðherra setti um áramótin um frýstingu námslána gagnvart gengi íslensku krónunnar. Um það bil 60 SÍNE-félagar voru viðstaddir afhendinguna og má það gott þykja, þar sem flestir námsmenn erlendis voru farnir "heim" að jólafríi loknu.



Ákveðið hefur verið að hver deild SÍNE grípi til aðgerða sem fyrst. Hins vegar er það vitað að SÍNE stendur frekar höllum fæti í þessari baráttu. Má þar fyrst og fremst um kenna hversu illa hefur gengið að fá námsmenn til að gerast aðilar að SÍNE hefur að skylduáðildin var afnumin af fyrrverandi menntamálaráðherra. Það sem þú getur gert, er að mæta á fund hjá SÍNE um lánaskerðinguna og komið með tillögur um aðgerðir. Einnig skaðar ekki að vera með þegar til aðgerða verður gripið.

SYNUM SAMSTÖÐU Á MÓTI LANASKERÐINGUNNI!!!

Að lokum til þeirra, sem ekki eru aðildarfélagar að SÍNE: GANGIÐ Í SÍNE OG HJALPIÐ OKKUR AÐ NÁ RÉTTI YKKAR!!!

Gunnar Guðmundsson trúnaðarmaður SÍNE í Kaupmannahöfn.

Í JÓNSHÚSI 20. FEBRÚAR

Í Jónshúsi 20. febrúar 1986. Fundur í félagi íslenskra námsmanna í Kaupmannahöfn.

Gerður G. Óskarsdóttir heldur erindi um: Náms- og starfsráðgjöf á Norðurlöndum.

Frankvæmd leiðsagnar um náms- og starfsval í skólum og utan þeirra, menntun fólks til þess að sinna ráðgjöf, námsgögn vegna náms- og starfsfræðslu.

Mismunandi hugmyndir um tilgang slíkrar ráðgjafar og fræðslu á Norðurlöndum, í Bandaríkjunum og á meginlandi Evrópu.

Gerður G. Óskarsdóttir heldur erindi um: Náms- og starfsráðgjöf á Norðurlöndum.

Frankvæmd leiðsagnar um náms- og starfsval í skólum og utan þeirra, menntun fólks til þess að sinna ráðgjöf, námsgögn vegna náms- og starfsfræðslu.

Mismunandi hugmyndir um tilgang slíkrar ráðgjafar og fræðslu á Norðurlöndum, í Bandaríkjunum og á meginlandi Evrópu.

AUGLÝSING FRÁ SÍNE

Fundur um lánaskerðinguna og gagnaðgerðir verður haldinn í Jónshúsi þann 6. febrúar kl. 20.00. Félagar fjölmennið og takið aðra með. SÍNE.


AUGLÝSING FRÁ FÍNK

Aukaaðalfundur FÍNK verður haldinn í Jónshúsi, mánudaginn 3. febrúar 1986 kl. 19.30

Dagskrá:

1. Kosning tveggja manna í stjórn.
2. Önnur mál.

Félagsmenn eindregið hvattir til að mæta.



"Það virða mig allir og elska, ég sé það bara á ykkur."

Biðlundin er lengi ljúf og minningargreinararnar í Mogganum leiða hugann að eilífðinni. Ekkert bólar á Megasi eftir nær 2 tíma bið. "Tónlistarmenn koma alltaf of seint á stefnumót" segir ljósmyndarinn lífsreyndur og kíkir í bók. Við skoðum myndirnar á veggjunum hjá Tryggva Ólafssyni og Gerði og klárum teið. Utan úr eldhúsi berst ilmur af rómaðri matarkunst málarans og við erum sneypar farnar að búast til heimfarar, þegar Megas loksins sviptist inn úr dyrunum. Hann hefur gleymt sér í plötubúð og er iðrunin uppmáluð. Segist vera að vinna úr "nojunni" og bætir við til skýringar, að hann fái alltaf léttu paranoíu í útlöndum. "En elskurnar mínar, nú er ég kominn", segir hann með tvíræðu brosi og breiðir út faðminn.

"Vegir liggja til sextíu átta."

"Jú ég er að koma frá Ósló. Var boðinn þangað af stúdentum. Í Ósló er hefðin sú, að að morgni 1.des. koma allir saman og borða þjóðlega rétti; skyr, harðfisk og flatkökur. Svo er vaninn að fenginn er íslenskur ræðumaður að heiman, sem venjulega er tengdur pólitík, til að fræða menn um, hvað íhaldið er vont og hversu góða stoð námsmenn eigi í stjórnanarstöðunni. Í ár fengu þeir mig og ég hélt mína jómfrúarræðu í Ósló. Gerði það að morgni og spilaði slagara um kvöldið."

"Þú hefur áður farið út á vegum námsmanna", spyrjum við leiðandi.

"Jú ég fór í svipað ferðalag '78. Var þá í Köben, Ósló, Árósum og Lundi."

Við vörpum greindarlega fram næstu spurningu: "Finnst þér tíðarandinn hafa breyst?" (hjörtu eilífðar- stúdentanna hamast af eftirvæntingu rannsóknarbladamennskunnar, hver veit nema hér sé komið vitni, sem staðfest geti breytingar árána).

"Ég man hreinlega ekkert eftir þessari ferð, svei mér þá. - Voruð þið hérna '78 - já og hvernig


var? Þið verðið að segja mér það ste litur spyrjandi á okkur. "Er það líka í nýlendunni, að hver hugsar meira um vitum ekki hvar við eigum að byrja að r okkar og hann heldur áfram: "Mér finnst vísi að troða upp núna - þótt skip skrykkjótt á tónleikunum. En það er ba Ég er allur annar. Mér líður miklu bet held ekki að publikum hafi breyst neitt

Við reynum aftur: "Hvers vegna hefi grammið "Leiðir liggja til '68"?"

"Þannig stendur á því, að ég var be troða upp í Safari í haust. Annars ógurlega að spila á veitingarstöðum sérstaklega einn. Ég vil hafa magna bak við mig. Ég fæ alltaf svona Ei fíling þegar ég treð upp einn á meðan sig og verður kátt. En eigandi S endilega fá mig einan, svo ég ákvað skapa svona gamlan hippafíling. kassagítarinn og munnharpan. Ég hélt '68 myndi tromma upp. Og þá datt mér þ hug, sem brandari til Indriða G. Þorstei að skrifa bók um Kjarval, svo þetta uppi. Hitt er svo annað mál, að það mæ ungt fólk, sem hetur skömm á '68.

Ég tróð annars vegar upp í Safari og litlu galleríi við Vesturgötu með prógrammið og í Jónshúsi. Í þessu p talsvert af nýjum lögum m.a. "Þú ert "Fegurðardrottningar fiskiðjuversu "Þyrnirós". Annars eru þetta í rauninn sem ég gerði 1983 og áttu upphaflega að plötunni sem ég gerði með Íkarusi sama 5 lög á þeirri plötu, Tolli 3 og restina. Þegar við spiluðum inn þes var ég nýhættur að reykja og söng herforingi.

Hvað um það, um það leyti sem við vorum dubba plötuna, ákvað ég að þessi lög með. Bæði til að stytta plötuna o sensúr, sensúr, sensúr. Mér fannst ekki gefa þau út þá. Nú eru liðin tvö ár o klár á þeim".



ur." Megas
vona hérna
sig?" Við
kja raunir
t allt öðru
lagið væri
mitt mál.
nuna. Ég

dir þú pró-

inn um að
leiðist mér
- og þá
rokkband á
íks Fjalar
liðið ölvar.
fari vildi
að reyna að
Bara ég,
liðið frá
tta svona í
s. Hann er
á í augum
ti aðallega

ins vegar í
ánast sama
ógrammi er
ú reyndar,"
s" og
gömul lög,
koma út á
r. Ég átti
strákarnir
a plötu inn
eins og

að klára að
skyldu ekki
svo bara
timabært að
ér orðin

"Mér er ekki sama hvað ég sit upp í mig."

"Nú ertu líka farinn að syngja eftir aðra?"

"Það hef ég alltaf gert. Ég hef tilhneigingu til að vera með efni sem mér finnst gaman af. I.d. gömul dægurlög, sem ég fæ á heilann og set inn á mitt prógram. Þá er ég sem dægurlaga söngvari að flytja texta eftir aðra. Það hefur enga dýpri merkingu í sjálfu sér. En mér er ekki sama hvað ég set upp í mig. "Árni er látinn í Leiru" og "Ég veit þú kemur í kvöld til mín" eftir Ása í Bæ er t.d. ansi magnaðir textar, sem ég hef gaman af."

"Af einhverjum ástæðum verður svona hárómantískur texti eins og "Ég veit þú kemur..." mjög tvíráður í þínum flutningi."

"Finnst ykkur það? - Þetta er bara ykkar receptoire. Þið eruð bara svona klúrar í kollinum stelpur minar. Þá veit ég hvað þið eruð að hugsa. Svei. "Ég veit þú kemur í kvöld til mín" er enginn porri."

Við flissum og horfum ögrandi á möti. En "Fegurðardrottningar fiskiðjuversins" með viðlaginu:

"Ég verð að fara að fá mér íana,
ég fíla það bara ekki rassgat að vera eins og
hver önnur díana"

"Finnst þér gaman að syngja klámvísur?"

"Þetta er ekkert klám. O.k. ég legg orðin á borðið. En það er ekkert, að mig minnar, samfaralegs eðlis í þessu lagi. Þetta er explicit erótískur texti. Hreinn og beinn."

"Ég þrái þá stund er mér í skaut fellur fastur dráttur
mér finnst bara einsog á stendur að úr mér sé
allur máttur...
... ég þarf að fara að fá mér í hana
fljúga fljúga fljúga beinustu leið upp til
skýjanna
en nú er ekki einu sinni reimt í
kjallarakompunni."

"Fjarri minni heimabyggð."

"Þú nefndir á tónleikum að við værum í útlegð?"

"Ég var ekkert að hugsa neitt meðvitað með því. Hvað eruð þið að gera hér? Erud þið ekki í útlegð? Ég talaði nú bara út frá prógraminu, sem tók sitt form eftir aðstæðum. Ég hugsaði bara, að fólk fær svona vissan heimafiling, þegar það fær mig að heiman. Hugsar kannski "aumingja ég" - svona létt sjáltsvorkunn. Fjarri minni heimabyggð og allt það."

"Hetur þú búið erlendis?"

"Nei, ég hef aldrei þrífist erlendis. Ég var einu sinni einn vetur í Stokkhólmi. Það er nú öll ósköpin. Mér liður svo vel heima, alltaf hreyfing og hressit fólk. Maður þarf bara að fara í bíltúr upp í Grafarvog til að uppgötva nýja heima."

"& nú er ég hér á mölinni í mestri nánd & firð
jú mér miðar sjálfsagt eitthvað & ég skal svara
þér ef þú spyrð
& þegar svo allir eru komnir undir sæng & biðja
þá bænirnar sínar
þá bið ég hér í myrkrinu eftir að heyra þinar."

"Það elska mig allir og virða..."

"Þú söngst með Kuklinu ekki alls fyrir löngu?"

"Jú Palli Baldvins vinur minn kom með hugmyndina að þessum konsert. Við skipulögðum hljómleikana í 3 vikur og æfðum upp 3 tíma prógram. Ég bjó til fullt af nýjum textum og við tróðum upp með alveg glænýtt efni. Hljómleikarnir höfust á því að

Jóhamar og Sjón fluttu eigin ljóð, þá spilaði Kuklið sitt efni og síðan djömmuðum við saman restina. Björk söng dúvopp og ég söng mína slagara. Við fluttum þessa hljómleika tvisvar. ... Nei við erum ekkert að þæla í plötu saman, en þetta er allt til á böndum. Ég á líka passíusálmanna á böndum í tveimur út- gáfum. Kannski flyt ég þá aftur á næstu þáskum."

"EKKI virðist túlkun þín á Passíusálmunum hafa hneykslað neinn?"

"Það eru nú liðin 12 ár síðan þessi lög voru gerð. Flutti þau fyrst í SUM salnum og síðan í útvarpinu."

Allar simalínur ríkisútvarpsins voru víst rauðglóandi og flutningur minn álitinn helgisþjöll. En núna er fólk svo ánægt með mig. Ég er virtur og elskaður af öllum, ég sé það bara á ykkur", segir Megas og litur á okkur með skelmsku brosi.

"Yngist áheyrendaskarinn?"

"Já publikum yngist. Verður yngra og yngra. Það virðast ekki vera nein takmörk fyrir því hvað publikum getur yngst. Á 17.júní söng ég í Laugardalshöllinni og þetta voru smákrakkar. Þau voru feykilega ánægð. Folk klappar meira og meira og er hamingjusamt ef það fær í ana. Þó það eina sem ykkur detti í hug sé kynferðislegt."

"Kassinn."

"Hvað er á döfinni?"

"Það kemur út pakki á næstunni "Kassinn" Með stóru kái og ákveðnum greini. Þetta er endurútgáfa á öllum mínum plötum og tvær nýjar að auki til að tæla fólk. 9 plötur í allt og textahetti. Útgáfuaðili er Hitt Leikhúsið. Ég ætlaði að hafa fullt af myndum af mér með í kassanum. Milljón myndir, en ágætur vinur minn benti mér á að nú væru komið nóg af myndum. Ég er ekki dómbær á það. Þetta verður bara eins og Lögbirtingablaðið. Svo er ég að þýða. Þýddi Trafford Tránsi eða Rauðhóla



Ransi fyrir Hitt Leikhúsið með Páli Baldvins og er að þýða Blood Brothers fyrir Leikfélag Akureyrar. Ég hef í nógu að snúast."

"Þetta er allt leikur og ánægja."

"Nú ertu líka að vinna að myndlist og hefur verið með sýningar. Hvernig er að vinna að þessum tveimur formum?"

"Ég hef alltaf hugsað í sjónrænum upplifunum í þessum sönglanda. Þetta eru ekkert ólíkir heimar. Ég er ekkert alvarlegur tónlistarmaður. Ég bý bara til einfaldan texta til að hafa upp í mér. Ég er aðallega að því til að komast upp á svið. Fyrir mér er þetta allt leikur og ánægja. Ég er fjöllistamaður. Ég lauk Myndlistar- skólanum í fyrra úr grafíkdeild, en skráði mig aftur inn. Fór í nýlistadeildina, sem er ekki eins hefðbundin og og þar er lítið á myndlist sem upplifun og eksperimenterað með fleiri form. Það hentar mér vel."

"En nú notar þú "bókmenntaarfinn" og hefðbundin ljóðform?"

"Nei ef þú litur á þessi orð, sem ég er að raða saman, þá eru þau meira skyld dægurlagatextum. Allir samilegir dægurlagatextahöfundar nota hins vegar bókmenntaarfinn."

"Hvað er framundan?"

"Ég sé þig. Ég sé ekki lengra."

Nú eru kjöttbollurnar hans Tryggva löngu tilbúnar og við köstum okkur í faðm Megasar og mælum okkur mót á fimmtudag - eftir kvöldmat. En það er önnur og lengri saga um kvenlegt innsæi og brennandi varir.

"... heilsaðu sérhverjum heima sem þú heldur að gangist við mér barnatrúnni er ég víst búinn að gleyma en þar bíður jú allra að þurfa að staldra við eftir sjálfum sér..."



Texti: ES & SB

Ljósmyndir: Lauri Dammert

..... 1. des. 1985.

1. desember 1985 verður lengi í minnum hafður. Hátíðadagskrá Námsmannafélagsins tók sífellt á sig óvæntar stefnur svo úr varð alls herjar fullveldis" happening" þar sem birtust margar furðuverur.

Ræðumaður dagsins var Gunnlaugur Sigurðsson, en hann er þekktur fyrir starf sitt í þágu andlegs þroska og blaðaútgáfu. Í miðri ræðu Gulla kom inn undarlegur flokkur jakkaklæddra manna. Alvarleg andlit þeirra bentu til þess að her væru um að ræða íslenska pólitíkusa, Jón Baldvin, Svavar Gestsson ásamt flokksbróður sínum Einarí Karli Haraldssyni sem nú ritstýrir Nordisk Kontakt í Stokkhólmi, Ingvar Gíslason og Guðrún Agnarsdóttir. Öll voru þau hingað komin til að styrkja kröfu um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd að undanskildum Jóni Baldvini, en hann var kominn til að kynna sérskoðun sína í triðarmálum. Ekki virtust gestir þessir botna mikið í ræðu Gulla.

Á eftir Gulla tröð Flosi Ólafsson í ræðupultið. Hann átti greinilega erfitt með að skilja þann óvænta heiður sem honum var veittur, að mega mæla meðal elitu íslenskra námsmanna erlendis (Elítan, það erum við!) Flosi fór á kostum, sagði frá námsferli sínum, sem eflaust hefur reynst einhverjum huggun sem strandað hefur í námi, og fór með visur.

Inga Huld Hákonardóttir las upp úr viðtalsbók sinni um Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur. Kaflí sá sem hún valdi fjallaði m.a. um afstöðu verkafólks til menntamanna og öfugt, en hlakkaði í mörgum þegar talið barst að eðli vinstri flokkanna, ekki síst þegar þeir gengu í eina sng með ihalðinu. Svavar Gestsson er þó eflaust vanur verri stormum.

Þá var komið að sjálfum heidursgestinum. Mættur var Axel Einarsson sem samdi Afríkulagið íslenska, en það kom út á hljómplötu rétt fyrir jól. Lék hann lagið af segulbandi og síðan gengu undirskriftalistar um salinn, þar sem fólk gat pantað eintak af plotunni.

Um kvöldið hélt gleðin áfram. Kom þá í ljós, að Axel hafði æft Afríkulagið með kirkjukórnum og sameinaðist salurinn í söng. Auglýstur hafði verið leynigestur, en óbreyttir íslendingar urðu léttilega ruglaðir, þegar leynigestirnir voru orðnir 3,4,5, Hörður Torfason birtist nýmættur til landsins, þá birtist Flosi og síðan allir þingmennirnir "live" og hafði Birgir Ísleifur Gunnarsson þá bæt í hópin. Og salurinn söng "björgum þeim". Samkoman minnti óneitanlega á þingeyskt sveitaball.

A sunnudeginum tokst fjöldi folks að berjast gegnum snjóskafli og óveður til að hlusta á Megas sem hingað var kominn fra Osló. Töf varð á hljótleikunum, þar sem hljóðmenn og -kerfi höfðu týnst. Þetta leystist þó á endanum og var þolinmæði folks ótrúleg. Annars vísuð við til viðtals við Megas annars staðar í blaðinu.

Já, hvar er hægt að halda 1. desember eins hátíðlegan og þar sem frelsiskenndin og höðurlandsástin blésu Fjölnismönnum í brjóst her fyrr á öldum. Og hvar er margbreytni manna jafn mikil og þar sem íslendingar safnast saman?

Þetta fór sem sagt allt vel fram, en hver stal svörtum leðurjakka? (Hver stelar yfirhófn í frosti og kulda?) Enn er "frit lejde" fyrir hinn seka, td. getur hann skilað jakkanum svo lítið beri á í fatahengi Jónshúss og breytt sorg í fögnuð.

(ES & SB)

[illegible]

Vopnafríðarsinnarnir hafa fleiri járn í eldinum. Ratsjárstöðvar, olíubirgðastöð, olíuhöfn o.m.fl. Það er verst hvað þetta er dýrt. Kostar vist allt saman með flugvelum og skýlum eina 25 milljarða.

"Eftir varnarlaus smáþjóð hefur mitt í sinni ógæfu þoríð gæfu til að eignast máttulega sterkan óvin mun tíminn ganga í lið með henni einsog því dýri sem ég tók dæmi af. Ef hún í neyð sinni játast undir tröllsvernd mun hún verða gleypt í einum munnbíta. Eg veit þú hamburgargmenn munduð færa oss íslenskum máðklaust korn og ekki telja ómarksvært að svíkja á oss mál og vog. En þegar á íslandsströnd eru risnar þýskir fiskibæir og þýsk kaupsún, hve leiingi mun þess að biða að þar risi og þýskir kastalar með þýskum kastalaherrum og málalíði. Hver er þú orðinn hlutur þeirrar þjóðar sem skrifaði trægur bækur? Þeir íslensku mundu þá í hæstalagi verða feitir þjónar þýsks lepprikis. Feitur þjónn er ekki mikill maður. Harður þræll er mikill maður, því í hans brjósti á frelsið heima."

Aðrir friðarsinnar hafa ekki setið auðum höndum. Þeir hafa haldið friðarpáska, friðarbúðir, friðargöngur og samið friðarávörp og ályktanir. Og víti menn, Alþingi ályktaði 23.maí 1985, að kjarnorkuvopn verði ekki staðsett á Íslandi og Geir Hallgrímsson komst í heimsfréttirnar þegar hann gá þá yfirflýsingu, að sigling herskipa með kjarnorkuvopn innanborðs innan íslenskrar lögsögu og þar með til íslenskra hafna væri stranglega bönnuð. Grálýndir menn sögðu, að hann hefði sagt þetta óvart. Konur letu ekki sitt eftir liggja. Þær söfnuðu um 37.000 undirskriftum kvenna undir áskorun til stjórnmála, þar sem hvatt var til raunverulegs frumkvæðis Íslendinga í friðarmálum og lagst gegn því, að landið okkar verði vettvangur aukins vígbúnaðar, hvort heldur á friðar- eða stríðstímum. Íslenska kirkjan og hjálparstofnun hennar hefur einnig vantru á vopnuðum friði. Hjálparstofnun vill netnilega, að útgjöldum til vígbúnaðar, sem Hjálparstofnunin segir nema jafnvirði einnar milljóna dollara á mínútu hverri, sé varið til þróunarástæðar, læknishjálpar og menntamála. + Sum sé, þetta er að fréttastofna friðarmálum í hnotskurn. Sem stendur hafa Nató-friðarsinnarnir óneitanlega vinninginn. Hér heima er hervæðt og á vettvangi Sameinuðu Þjóðanna höfum við ýmist setið hjá eða neitað að styðja tillögur til atvopunar. svo sem um frýstingu kjarnorkuvopna og bann við fyrstu notkun þeirra. Óneitanlega þversagnarkennt, þegar það er haft í huga, að 90% þjóðarinnar er á móti kjarnorkuvopnum. Þæp 70% styðja þá Nató, sem byggir sinn herstyrk á vopnum sem 90% eru á móti. Hvernig má þetta vera? Þótt Íslendingar séu dultlungafullir erum við bara 100% eða svoléiðis. Alltént erum við að minnsta kosti friðelskandi þjóð.


Gott og friðsælt ár,

Atli Gíslason.



Líósmynd: Jens Ormslev

Hosi
Bless



Frisk og udhvilet - hver morgen!

Vågner du om morgenen med smerter over lænden eller hele ryggen? Så er det på tide at tænke på, om din seng stadig fungerer efter hensigten.

Dunlopillo's sovesystem er et komplet program i latex-madrasser, latex-puder, sengebunde og dyner samt puder til specielle formål. Anbefalet af eksperter til alle, der ønsker den sunde, dybe søvn - og specielt til dem, dagligdagens slid har givet rygproblemer!



Puderne er fremstillet af ægte Dunlopillo skumlatex, formstøbte, så de aldrig klumper. Bløde og altid friske, fordi materialet ånder. Skal aldrig rystes, kan vaskes, er hygiejniske og non-allergiske.

Dunlopillo dynen - den rigtige dyne til både sommer og vinter. Dejlig lun, når det er koldt, kølig og frisk, når det er varmt. Fremstillet med hule fibre, der ikke klumper. Kan vaskes. Leveres i størrelserne 135 x 200 cm, 200 x 200 cm og 230 x 220 cm.




Dunlopillo
KOMFORT SÆNKLASSE
GOD NAT GOD DAG

Dunlopillo sengesystemet forhandles af de førende møbel- og sengeforretninger over hele Danmark.
Tlf. 01 - 35 77 76 anviser nærmeste forhandler.


Dunlopillo House A/S, Fælledvej 4, 2200 Kbh. N.

teiknisería

Svakalega er gaman að leika með bolta. Eigum við að leika okkur með bolta aftur á morgun. "já" segir hinn ormurinn.




(Hvislar) Nú segir mamma satt.




Krakkar, komið þið nú að borða. Nei, við erum að leika okkur svo skemmtilega. Þurfum við að koma strax? Komið þið strax, annars verður maturinn kaldur.




Eigum við ekki að flýta okkur að gá hvað það er? Nú heyrðu þeir að þetta var satt og það heyrir zooooom þegar þeir putu af stað.



Hvað er annars í matinn? Spaghetti og kjötsósa. Ertu nú alveg viss mamma? Já, ég er alveg viss mamma? Þú ert ekki að plata okkur eins og þegar þú plataðir okkur með pizzuna? Nei, ég er alveg viss.



Svo sátu þeir við borðið og sögðu fullt af bröndurum og mamma spurði hvað þeir hefðu gert í dag. Eftir matinn fóru þeir að sofa.




Brandarar

Skotinn og flugan.

Sandy sat og drakk bjór. Allt í einu sá hann flugu synda í björglasinu. Sandy drakk varlega úr björglasinu við hliðina á flugunni og fyrst þegar hann hafði drukkið þrjá fjórðu hluta af glasinu kallaði hann reiðilega á þjóninn, benti á glasið, tók upp fluguna og heimtaði bætur. Þjónninn afsakaði mörgum sinnum og náði strax í annað glas af bjór. Á borðinu við hliðina sat Mac Nab með konu sinni. Þau höfðu setið lengi með sama glasið af bjór. Strax og þjónninn var farinn að ná í nýtt björglas fyrir Sandy, sagði Mac Nab: "þegar þú ert búinn að nota fluguna, má ég þá fá hana lánaða?"

Darri þýddi úr dönsku.




Fíll og mús komu labbandi niður Laugarveginn. (Það má geta þess að þau voru bestu vinir). En músin byrjaði að syngja: "I want ti break free..." fíllinn grípur þá fram í "viltu vera svo væn að hætta þessu, því ég var á fylleri í gær." Nei, nei músin hélt áfram. En þegar músin var búin að syngja hálf tónlagið, sagði fíllinn "ef þú hettir þessu ekki, þá prumpa ég á þig". Músinn hélt áfram. Þá prumpaði fíllinn. Rétt á eftir heyrir í músinni "I'm alive".

Lisa 11 ára.

				Lima	Peningur
Fíllk					
Íslenskt Sæl- gæti					
Er					
Hata horn í síðuá.		Þýrahljóð			Skitur
Bundin		Fæði			
Snjó- koma			Sígluförður		Reykjavík
			Spór		

Hörður Torfason er nýkominn að heiman, eftir ársdvöl. A Íslandi hélt hann 29 sólókonsertra viðs vegar um land við mjög góðar undirtektir. Hæst bar tónleika hans í Austurbæjarbíói í haust, þar sem margir kunnustu tónlistarmanna okkar tróðu upp með Herði. Umfjöllun allra gagnrýnenda voru á einn veg : " STÓRKOSTLEG!! " Hörður er einn af okkur kunnustu trúbadorum og hefur aldrei farið troðnar slóðir á sínum tónlistarferli. Föstudagskvöldið þann 7.febrúar heldur hann koncert í Jónshúsi kl.20.00. þar sem hann gefur okkur mörlöndunum kost á að heyra gömul og ný lög frá sínum 20 ára ferli. Á tónleikunum mun verða til sölu síðasta plata Harðar " TABU", en sú plata kom út fyrir rúmu ári.



UNDANFARI
Trú á mannkynið styrkist enn. Út er komið l.tölublað Undanfara. Umsjón með útgáfu hefur Gunnlaugur Sigurðsson annast. Blaðið er 44 blaðsíður og fjallar um ýmis mál sem eftir geta anda og hold. Blaðið kostar aðeins kr.35. Gunnlaugar hefur sjálfur fjármagnað Undanfara. Blaðið verður til sölu á afmælishátíð Fjölnis þann 15.febrúar. Undanfari er ársfjórðungsblað.
(ES)

Nú um helgina eru síðustu forvöð að sjá myndlist-arsýningu Hauks Dórs Sturlusonar. Haukur Dór er flestum Íslendingum vel kunnur fyrir marvíslega list sína. Undanfarin ár hefur hann verið búsettur hér í Danmörku og rekið veitingastofu að heimili sínu í Frederiksværk. Að eigin sögn hefur hann einbeitt sér að matarlistinni en nú er komið aftur að myndlistinni. Þessa sýningarinnar sem lýkur 1.febrúar eru landvættirnar. Sýning Hauks Dórs er til húsa í:

Gallerí Marius, Gothersgade 8B, 1123 Kbh. K.
(bakhús, gengið í gegnum port).
Opíð er mán.-fös. kl.15-19, lau. kl.11-15.

Ef einhver skyldi missa af þessari sýningu er heimilisfang Hauks Dórs:


Tinggaarden, Frederiksværkvejen 182
3300 Frederiksværk
Sími: (02) 11 22 35



JÓLAMYNDIR

Þegar krökkarnir bjuggu til jólaszkraut í Jónshúsi fyrir jólin tók Jens Ormslev myndir af hópnum. Nú hefur hann framkallað myndir handa ykkur, svo þið getið fengið eitt eintak hvert. Myndirnar liggja hjá ritstjórn í Jónshúsi.

Jólamyndir: Jens Ormslev



ÞORRABLÓT

Þorrablót Íslendingafélagsins og Námsmannafélagsins verður haldið laugardaginn 1.marz kl.18.30-02.00 í Gimle (Medborgerhus), Thorshavnsgeade, Íslands Brygge. (Bus nr.5, 12, 13, 31, 32 & 35)

Íslenska danshljómsveitin leikur fyrir dansi.

Verð aðgöngumiða er kr.200. Miðasala verður á opnunartíma veitingasöluunar í Jónshúsi og hefst laugardaginn 15.febrúar (á afmælishátíð Fjölnis) og lýkur sunnudaginn 23.febrúar.

Á DAGSKRÁ Í FEBRÚAR

1. Laugardagur
Lokað vegna árshátíðar kirkjukórsfélaga í Kaupmannahöfn.
Jóhannes S. Kjarval. Hrafnhildur Schram kemur og sýnir mynd sína um líf og list Kjarvals kl. 16.30.
2. Sunnudagur
Fyrirlestur Norræna félagsins kl. 18.30-21.00
BRIDGE kl. 19.30.
3. Mánudagur
Steikt ýsa kl. 18.30. Kl. 20 eru allir námsmenn hvattir til að mæta á fund hjá SÍNE. Oft var þörf en nú er nauðsyn.
5. Miðvikudagur
Hörður Torfason heldur hljómleika kl. 20.00
Opnum kl. 17.00
6. Fimmtudagur
Barnakvikmyndin "Jón Oddur og Jón Bjarni" sýnd kl. 14.30
Skák kl. 19.30.
7. Föstudagur
Konukvöld kl. 19.30. Gerður G. Óskarsdóttir æfingastjóri í uppeldis- og kennslufræðum við Háskóla Íslands heldur erindi sem hún nefnir Konur-skólinn-atvinnulífið. Kemur staða kvenna í atvinnulífinu skólanum við? (sjá nánar annars staðar)
8. Laugardagur
Jólaleikrit Íslenska sjónvarpsins "Bleikar slaufur" eftir Steinunni Sigurðardóttur leikstýrt af Sigurði Pálssyni kl. 20.
Soðin ýsa kl. 18.30.
9. Sunnudagur
Árshátíð íþróttafélagsins Guðrúnar.
10. Mánudagur
Afmælishátíð Fjölnis. Í tilefni þess að 150 ár eru liðin frá útgáfu Fjölnis heldur Nýr Hafnarpostur stuðningshátíð til að efla rit Íslendinga í Kaupmannahöfn.
11. Þriðjudagur
Barnakvikmyndin "Jón Oddur og Jón Bjarni" sýnd kl. 14.30.
Svið með tilheyrandi kl. 19. Munið að slá á þráðinn og panta í síðasta lagi laugardaginn 15. febrúar.
12. Miðvikudagur
BRIDGE kl. 19.30.
13. Fimmtudagur
Steikt ýsa kl. 19.30. Fyrirlestur á vegum FINK kl. 20: Gerður G. Óskarsdóttir fræðimaður í Jónshúsi talar um náms- og starfsráðgjöf á Norðurlöndum.
14. Föstudagur
Saltkjöt og baunir kl. 19. Það þarf að panta miðvikudaginn 19.
Opnað kl. 17. Hvað gerist þá?
15. Laugardagur
Guðspjónusta í Sankti Pálskirkju kl. 14. Kaffi á eftir í Jónshúsi.
Skák kl. 19.30. Íslendingar, eigum við að bjóða færeyingum byrginn?
Soðin ýsa kl. 18.30.
16. Sunnudagur
Lambasteik kl. 19. (Munið að panta miðvikudaginn 26.)
Áramótasöfn og -dansleikur Íslenska sjónvarpsins endursýnt kl. 20.
17. Mánudagur
18. Miðvikudagur
19. Fimmtudagur
20. Föstudagur
21. Laugardagur
22. Sunnudagur
23. Mánudagur
24. Fimmtudagur
25. Föstudagur

MARS

1. Laugardagur
Málverkasýning Jörundar Jóhannessonar hefst og stendur yfir í 3 vikur. Þorablót í Gimle, Thorhavnsgræde, 2300 København S.

FRÉTTATILKYNNING!

AA-samtökin halda fundi hvern sunnudag kl. 10.30 í Jónshúsi. Öppinn fundur er fyrsta sunnudag í hverjum mánuði. Sími samtakanna er (01) 05 56 94.

VELRITUN!!!!!!

Ertu í tímaþróng? Ég er í peningapröng. Tek að mér vélritun á ritgerðum og hverju sem er á Íslensku, dönsku, ensku, frönsku eða spænsku. Sími: (01) 575/03

OKKUR VANTAR viljugan mann til að hjálpa okkur með að gera íbúð í stand. Þarf að hafa verkvit. Launin tölum við um. Getum boðið upp á herbergi með baði og "te-eldhúsi" og fæði ef óskað er. Vinsamlega hringið í síma: (01) 51 04 91

Morgun- bladið

í Kaupmannahöfn

FÆST
Í BLADASÖLUNNI
Á JÄRNBRAUTA-
STÖÐINNI,
KASTRUPFLUGVELLI
OG Á RÁÐHÚSTORGI

